

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 75,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 135,00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils.
- c) Vatnsgjald um rennslismæli kr. 6,64 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald kr. 56,75 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils og fastagjald kr. 31,05 fyrir hvern mánuð á notanda. Þeir notendur er greiða mæla-leigu skv. 8. gr. greiða ekki fastagjald.

5. gr. orðist svo:

Hitaveitugjöld skv. 4. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga.